

Kæru fjölskyldur



Undanfarnar vikur hefur starfsfólk skólans unnið ötullega í að taka upp nýtt leikskólakerfi.

Kerfið heitir Karellen og hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um það á www.karellen.is. Með nýju kerfi mun upplýsingaflæði og samskipti milli skóla og heimilis eflast.

Samhliða munum við taka upp nýja heimasíðu, **nafnskolans.leikskolinn.is**.

Inni á nýrri heimasíðu skólans finnið þið innskráningartakka sem leiðir ykkur inn á innskráningarsíðu Karellen →

Til þess að fá aðgang að innra kerfinu, biðjum við ykkur að smella á 'Virka aðgang' og skrá netfangið ykkar sem er skráð hjá skólanum. Þá fáið þið sendan tölvupóst með slóð, smellið á slóðina til þess að virka aðganginn ykkar (ath. hann gæti farið í ruslpóstinn) þá fáið þið upp valmöguleikann að búa til lykilorð. Ef pósturinn berst ekki, hafið þá samband við stjórnendur skólans.



Auk þess að hafa aðgang að innra kerfinu í gegnum vefsíðu er app sem að við mælum með að þið náið í. Hægt er að nálgast appið á App store og í Google play.

Aðgangur aðstandanda í innra kerfinu og appinu gefur yfirsýn og upplýsingar um dag barnsins í skólanum:

- viðveruskráningar
- máltíðarskráningar
- svefnskráningar
- matseðill vikunnar
- viðburðardagatal
- samtal milli aðstandenda og skólans
- myndir af barninu

Aðstandendur hafa þann möguleika að skrá leyfi og veikindi barnsins í gegnum kerfið.

Hlökkum til að deila með ykkur þessum nýjungum í leikskólastarfinu og vonum að kerfið muni nýtast fyrst og fremst til að efla upplýsingaflæði og frekari samskipti milli heimilis og skóla.

Karellen - framtíð leikskólakerfa

